

Fundargerð – 2. fundur nýrrar stjórnar Foreldrafélags Hlíðaskóla

BUS Hostel, 18. október 2021

Mætt:

- Eygló Svala Arnarsdóttir (ritari)
- Klara Geirsdóttir (gjaldkeri)
- Hallfríður Brynjólfsson (varamaður)
- Þórey Björk Sigurðardóttir (skólaráðsfulltrúi)
- Kjartan Vífill Iversen (meðstjórnandi)
- Berglind Rögnvaldsdóttir (meðstjórnandi)
- (Guðmundur) Andri Hjálmarsson (varaformaður)

Fjarverandi:

- Þorsteinn V. Einarsson
- Bára Brynjólfsson
- Jóhanna Björk Gísladóttir (hætti síðan í stjórn)
- Íris E. Gísladóttir
- Elín Ósk Hjartardóttir

Dagskrá:

1. Bekkjarfulltrúar
2. Umsögn um menntastefnu Reykjavíkurborgar
3. Símalaus skóli
4. Hausthátíð/aðventuhátíð
5. Tilkynna nýja stjórn/fréttabréf
6. Kynningarbréf nýnema
7. Fundir með Berglindi
8. Vinnufyrirkomulag í vetur?
9. Óstundvísi og aðgerðir skóla

1. Bekkjafulltrúar

Pórey kynnir hugmynd að nýju fyrirkomulagi til að skipa bekkjarfulltrúa og halda utan um þeirra starf. Hún hefur áhuga á því að koma upp fastmótuðu kerfi sem hægt verði að fara eftir héðan í frá og býður sig fram til þess að vera tengiliður bekkjarfulltrúa. Hún gerir drög að hugmynd og sendir okkur til skoðunar. Foreldrafélagið tekur síðan afstöðu og í framhaldinu er hægt að ræða hana í skólaráði. Sjá:

<https://docs.google.com/file/d/1XDWBpZgPM6lONU3Zp8gdR5lQPWNgO9pP/edit?filetype=msword>

2. Umsögn um menntastefnu Reykjavíkurborgar

Kjartan og Halla fóru yfir menntastefnu borgarinnar: „Látum draumana rætast.“ Þetta er eins konar viljayfirlýsing frá borginni. Það er margt ágætt í skjalinu en það ber þess merki að vera pólitískt. Orðalag er óljóst og aðgerðaáætlun skortir. Í raun vorum við ekki beðin um umsögn, svo hvað eigum við að gera við skjalið? Það gæti verið gott að eiga það upp í erminni, t.d. í umræðum um nýja skólalóð, því í menntastefnunni er m.a. talað um svæði til hreyfingar. Meðal þess sem er jávætt er að innvikla á nemendur betur inn í eigið umhverfi þannig að þeir verði meiri þátttakendur í eigin lífi. Einnig er talað um hugtök eins og kynáttun og fjöltyngi og þar með er mikilvægi þeirra opinberlega viðurkennt. Einnig er fjallað um markvissar aðgerðir til að bæta geðheilbrigði – án þess þó að tilgreina aðgerðir. Kemur þá aftur starfandi sálfræðingur við skólann? Ákveðið er að skila umsögn, það sakar ekki. Kjartan og Halla ætla að kasta henni á milli sín og Eygló getur farið yfir og komið með innlegg.

3. Símalaus skóli

Síðasta stjórn samþykkti að styrkja gerð kynningarefnis um símanotkun barna:

- Skjánotkun og geðheilbrigði barna - I. Hluti: <https://vimeo.com/547672364>
- Skjánotkun og geðheilbrigði barna - II. Hluti: <https://vimeo.com/user139865592>

Síðasta stjórn var einnig hlynnt símaleysi í skóla og spurði foreldra út í fyrirhugað símaleysi í könnun. Í ljós kom að flestir voru því sammála. Ný stjórn er einnig samþykk fyrirhuguðu

símaleysi í Hlíðaskóla en ósammála um útfærsluna. Mega símar vera ofan í tösku eða á að skila þeim til kennara? Hugsanlega væri best að ákveða dagsetningu og að upp frá þeim degi verði skólinn símalaus. Það hefur sýnt sig að krökkum líður vel í skólum þar sem notkun síma er bönnuð á skólatíma. Rætt var um mikilvægi þess að foreldrar séu góðar fyrirmyndir í þessum efnum. Berglind hefur óskað eftir fundi til að ræða símaleysi og þá kemur betur í ljós hvers konar útfærslu skólastjórnendur sjá fyrir sér (sjá fundargerð). Eygló boðar fund.

4. Hausthátíð/aðventuhátíð

Ákveðið var að fyrirvarinn væri of stuttur fyrir hausthátíð og að haldin yrði aðventuhátíð í staðinn. Annar hvor dagurinn helgina 27.-28. nóvember varð fyrir valinu. Hugsanlega væri hægt að samtvinna þetta jólaföndri og hafa dagskrá inni í hátíðarsal og úti á skólalóð. E.t.v. sýna jólaleikrit og hafa samband við Leikhópinn Lottu? 10. Bekkur gæti selt kakó og piparkökur. Eygló og Andri ætla að taka að sér skipulagningu. Halla bauðst til að hjálpa til og Eirný hafði einnig boðið fram aðstoð sína. Nauðsynlegt er að finna bekkjarfulltrúa til að hjálpa til.

5. Tilkynna nýja stjórn/fréttabréf

Láta þarf skrifstofu vita af nýrri stórn og óska eftir aðgang að Mentor-kerfi fyrir formann. Eygló ætlar að skoða það með Írisi og senda Berglinni og síðan foreldrum tölvupóst um nýja stjórn. E.t.v. er hægt að bygga á pósti frá því í fyrra.

5. Fræðslunefnd

Fræðslunefnd (Halla, Klara og Þorsteinn) á fund með fulltrúum skólans á morgun og hefur sent sínar hugmyndir um fræðslu fyrir hvern árgang. Nauðsynlegt er að byrja á líkamsvitundarfræðslu strax í 1. bekk. Til stendur að gera mikið úr „viku sex“, sem er alþjóðleg „sex“ vika. Sniðugt væri að nýta þá viku til að tvinna kynfræðslu inn í allt skólastarf. Það eru mismunandi þemu eftir árum. Árið 2020 voru það tilfinningar og nánd, í ár var það kynlíf en það er ekki búið að ákveða hvað verður 2022. Annað mikilvægt málefni er fjármálalæsi, t.d. að útskýra launaseðil fyrir krökkum í 8. bekk. Það er mjög auðvelt að tengja það við stærðfræði.

6. Kynningarbréf nýnema

Elín sagðist hafa áhuga á að búa til bréf fyrir foreldra og nemendur sem eru nýir í skólanum til að bjóða þá velkomna í skólann fyrsta daginn. Halla ætlar að aðstoða hana við það og biðja Lenu um bréfið sem hún útbjó í fyrra.

7. Fundir með Berglindi

Þeir hafa yfirleitt verið rafrænir í hálf tíma í senn og fjallað er um eitt aðalefni. Allir úr stjórn sem vilja/geta mætt eru velkomnir.

8. Vinnufyrirkomulag í vetur?

Ákveðið var að hafa fasta fundi með mánaða millibili á BUS Hostel, á mánudegi um miðjan mánuð kl. 17. Næsti fundur verður 15. nóvember og sér Eygló um að boða hann. Mikilvægt er að allar hugmyndir séu ræddar á vettvangi stjórnar og að þær fái samþykki áður en þær eru framkvæmdar. Það þarf alltaf vinna í umboði stjórnar. Íris, Eygló og Andri ætla að skiptast á að svara tölvupósti. Rætt var um að þau myndu hittast til að ganga frá öryggismálum.

9. Óstundvísir og aðgerðir skóla

Föstudaginn 15. október kom póstur frá Berglindi um aðgerðir til að sporna við óstundvísir og truflun sem hún veldur. Skiptar skoðanir voru um póstinn, tímasetningu, orðalag og aðgerðirnar sjálfar, en til stendur að læsa öllum dyrum utan aðalinngangs kl. 8.40 og að aðgerðirnar taki strax gildi. Þeir sem mæta seinna þurfa að gefa sig fram við starfsmann og fá fylgd inn í sína stofu. Stundvísir er mikilvæg og nauðsynlegt að halda uppi aga og reglu, en hætt er við því að börn með kvíða og þeir sem minnst mega sín verði kvektir. Óskað hefur verið eftir umræðu um málið á skólaráðsfundi.

Fundi slitið.

Fundargerð hefur verið samþykkt rafrænt.